



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð Kanada á Íslandi.

Í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð, leggur skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi umsókn sendiráðs Kanada á Íslandi, dags. 8. september 2020, fskj. 1, um úthlutun tveggja sérmerktra bílastæða í borgarlandi.

Um er að ræða úthlutun sérmerktra bílastæða vegna flutnings sendiherrabústaðarins frá Kirkjugarðsstíg til Fjólugötu. Lagt er til að nýju stæðin verði staðsett á Skothúsvegi við hlið Fjólugötu 1, sbr. meðfylgjandi mynd, fskj. 2.

Jafnframt er lagt til að skipulags- og samgönguráð samþykki, að þau bílastæði sem nú eru merkt sendiráði Kanada við Kirkjugarðsstíg, verði að almennum bílastæðum.

Í samræmi við 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hafa framangreindar tillögur verið bornar undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

F.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,

Björg Helgadóttir
verkefnastjóri

Hjálagt:

1. Erindi sendiráðs Kanada á Íslandi, dags. 8. september 2020.
2. Mynd: Staðsetning sérmerktra bílastæða á Skothúsvegi við Fjólugötu 1.

Fylgiskjal 1

From: Xavier.RodriguezGallego@international.gc.ca <Xavier.RodriguezGallego@international.gc.ca>
Sent: þriðjudagur, 8. september 2020 11:56
To: Bílastæðasjóður Reykjavíkur <bilastaedasjodur@reykjavik.is>
Subject: Sendiráð Kanada - Fyrirspurn um flutning 2 sérbílastæða frá Kirkjugarðstíg til Skóthúsvegi (101 Reykjavík)

Komdu sæl Kristín Þórðís,

Sendiráð Kanada er með 2 sérbílastæða í Kirkjugarðstíg merkt "Sendiráð Kanada" fyrir Sendiherrabústað sem við erum að leiga í Suðurgötu 26 (101 Reykjavík).

Við verðum flutt í byrjun Óktober næstkomandi til Fjólugötu 1 – 101 Reykjavík (hús sem við eigum). Húsið er við hornið á Fjólugötu og Skóthúsveginu.

Gætum við flutt þetta leyfi fyrir þessar 2 sérbílastæða til Skóthúsvegi (fyrir framan á húsinu) eða til Fjólugötu?

Kanadíska Ríkinu hefur í eigu bara þetta hús á Íslandi, og verður mikið notaður fyrir móttöku.

Kveðjur.

Best regards,

Xavier Rodriguez


[Sendiráð Kanada | Embassy of Canada | Ambassade du Canada](#)

Túngata 14, 101 Reykjavík

Iceland | Islande

Sími | Telephone | Téléphone : [+354 575 6514](tel:+3545756514) | [+354 659 9588](tel:+3546599588)

Xavier.RodriguezGallego@international.gc.ca





Skothúsvegur

Sólreyfa

26

15

34

1

1

36

3

3

2

5

5

38

7